



Auður Pálsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Kennaradeild
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:

Sustainability as an emerging curriculum area in Iceland

*The development, validation and application of a sustainability education
implementation questionnaire*

mánudaginn 10. nóvember nk. kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Jeppe Læssøe prófessor við Aarhus University og dr. Christina McDonald

COO Green Manitoba.

Leiðbeinendur voru dr. Brian Lewthwaite, prófessor við James Cook University í Ástralíu og dr. Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Dr. Ólafur Páll Jónsson deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni

Allir velkomnir

Mánudaginn 10. nóvember nk. kl. 13 fer fram doktorsvörn frá Kennaradeild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Auður Pálsdóttir ritgerð sína „*Sjálfbærni – námssvið í mótun á Íslandi. Þróun sjálfsmatstækis fyrir skóla / Sustainability as an emerging curriculum area in Iceland. The development, validation and application of a sustainability education implementation questionnaire.*

Um verkefnið

Sjálfbærni – námssvið í mótun á Íslandi. Þróun sjálfsmatstækis fyrir skóla.

Í þessari doktorsrannsókn var rýnt í sjálfbærni sem er einn af grunnþáttum menntunar í íslenskri aðalnámskrá frá 2011. Rannsóknin fór fram á árunum 2009–2013 og byggist á blönduðum aðferðum sem fólu í sér tvo eigindlega hluta og tvo meginhluta. Megintilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur. Í fyrsta lagi var reynt að öðlast skilning á hvað hindri og hvað styðji vinnu með sjálfbærni sem nýjan grunnþátt menntunar í íslenskum grunnskólum. Í öðru lagi að búa til og prófa sjálfsmatstæki til notkunar fyrir kennara og skólustjórnendur í einstökum skólum til að kortleggja núverandi stöðu sjálfbærni menntunar í skólanum og hver gætu verið næstu skref í skólaþróun.

Niðurstöður benda til þess að kennurum finnist viðfangsefni sem felast í sjálfbærni menntun vandasöm, sérstaklega sú áskorun sem felst í því að markmið menntunar sé *geta til aðgerða*. Niðurstöður benda einnig til þess að skýrara samhengi þurfi að vera milli aðalnámskrárinnar og þriggja lögbundinna verkefna skóla, þ.e. sjálfsmats skóla, skólanámskrár og endurmenntunaráætlunar fyrir skólann.

Gerð og prófun mælitækisins um sjálfbærni í skólastarfi (SEIQ) gefur jákvæðar vísbendingar um gagnsemi þess. Samtöl við kennara og stjórnendur í nokkrum skólum hafa gefið til kynna að ferlið sem skólar eru hvattir til að fara í gegnum við notkun mælitækisins sé einmitt það ferli sem lýst er í fræðunum að beri árangur í þróun sjálfbærni menntunar í skólastarfi. Mælitækið er ekki hannað til að láta tiltekna lausnir í té heldur gefa vísbendingar um hvaða þættir virðast hindra og hverjir stuðla að sjálfbærni menntun í skólastarfinu. Þær vísbendingar má síðan nota sem grunn samræðna innan skólans, við mat og skipulag á umbótum. Í þessu samhengi er mælitækið talið vera réttmætt og spara tíma við greiningu á stöðu skóla.

About the project

Sustainability as an emerging curriculum area in Iceland

This research examined aspects associated with sustainability education, which is one of six fundamental concerns of the 2011 national curriculum in Iceland. The research was carried out between 2009 and 2013 and used a mixed method approach involving two studies in a qualitative phase followed by two studies in a quantitative phase. The general purpose of the study was twofold. First, it sought to gain an understanding of the constraints and contributors to the implementation of sustainability as an emerging curriculum area at compulsory school level in Iceland. Second, it endeavoured to develop an evaluation tool for teachers and school administrators to use collectively to identify their current situation and course of improvement for working with sustainability education.

The results suggest that teachers find the teaching task associated with sustainability education problematic, especially the challenge of developing action competence with students, a key feature of sustainability education in the Icelandic curriculum. A clearer synergy needs to exist between conducting school self-evaluation, developing a school curriculum that responds to the national curriculum, and formulating a plan of continuous professional development.

The development and current use of the Sustainability Education Implementation Questionnaire (SEIQ) in Iceland shows promising signs of the utility of the instrument. Through ongoing dialogue with schools, indications are that the process schools are encouraged to go through in using the SEIQ is the very process they themselves are being asked to apply as educators in sustainability education implementation. The SEIQ does not provide solutions; instead it elicits parameters that can serve as constraints and contributors for solving problems and for gauging the success of collective action.

Um doktorsefnið

Auður Pálsdóttir lauk B.Sc. prófi í landafræði frá Háskóla Íslands 1991, B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1993 og M.Ed. prófi frá University of Aberdeen 1995. Hún hefur starfaði sem grunnskólakennari í 15 ár og sem kennari við Kennaraháskóla Íslands og síðar Menntavísindasvið í fullu starfi síðan 2006. Kennsla hennar er fyrst og fremst á sviði samfélagsgreina og náttúrugreina og kennslufræði þeirra námssviða, mats á skólastarfi, og grunnþáttarins sjálfbærni. Rannsóknir hennar hafa beinst að kennslufræði grunnskóla, stöðu náttúrufræði og samfélagsgreina í grunnskólum, sjálfbærnimenntun, mats á skólastarfi og þjónandi forystu í skólastarfi.